



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 14. september 2021

2002074 KHÓ

Efni: Viðauki nr. 30 við fjárhagsáætlun 2021

Í fylgiskjöllum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 30 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Tilfærslur samþykktar í bæjarráði:

- 10.6.2021. Bæjarráð samþykkir beiðni Brekkubæjarskóla um kaup á saumavélum og hrærivélum fyrir skólann að fjárhæð 746.000 kr. á deild 04220-4660. Útgjöldunum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4980.
- 12.8.2021. Bæjarráð samþykkir viðbótarfjármagn vegna samstarfssamnings við Skátafélag Akraness að fjárhæð 750.000 kr. á deild 06890-5948. Útgjöldunum verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Tilfærslur samþykktar á sviðsstjórafundi:

- 7.9.2021. Á sviðsstjórafundi var samþykkt viðbótarfjármagn tækjakaupa á Vallarsel að fjárhæð 372.000 kr. á deild 04120-4660. Útgjöldunum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4980.

Þessi breyting hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu.





Aðrar breytingar, tillaga fjármálasviðs:

- Villa við útreikning á áætlun launa fyrir Akrasel uppgötvaðist og vantar inn á deild 04160 26.811.526 kr. vegna háskólamenntaðra starfsmanna. Stöðugildin voru öll inni í áætlun en ekki reiknuðust laun á 6 háskólamenntaða starfsmenn sem yfirsást. Lagt er til að færa á milli liða 26.811.526 kr. á deild 04160, á viðeigandi launalykla og af óvissum útgjöldum 20830-1697.
- Í lok árs 2020 var samþykktur nýr kjarasamningur við kennara í Tónlistarskóla Akraness. Viðauki var í janúar vegna þessa fyrir árið 2020. Ekki var búið að uppreikna launin vegna hækkunar kjarasamninga fyrir árið 2021 og var það gert nú. Lagt er til að færa á milli liða 12.757.467 kr. á deild 04510, á viðeigandi launalykla og af óvissum útgjöldum 20830-1697 að fjárhæð 6.518.474 kr. Fjárhæð 6.238.993 kr. verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Heiti	2021 viðaukaáætlun	2021 samþykkt	Mismunur
04 Fræðslu- og uppeldismál	2.815.408.014	2.775.839.021	-39.568.993
04160 Akrasel	282.598.397	255.786.871	-26.811.526
04510 Tónlistarskóli	169.686.595	156.929.128	-12.757.467

Samtals er aukning á gjöldum um 6.988.993 kr. sem er lagt til að verði mætt með lækkun á handbæru fé. Nánari áhrif á rekstur má sjá í meðfylgjandi excel skjali.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar


Kristjana Helga Ólafsdóttir
Deildarstjóri fjármála